

Erindisbréf fyrir

Fræðslunefnd Strandabyggðar

Stjórnskipuleg staða

Fræðslunefnd heyrir undir sveitarstjórn Strandabyggðar og starfar í umboði hennar.

Skipan nefndarinnar

Í fræðslunefnd eiga sæti fimm fulltrúar sem sveitarstjórn kys til fjögurra ára samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Strandabyggðar. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Fræðslunefnd kys formann, varaformann og ritara nefndarinnar á fyrsta fundi sínum nema sveitarstjórn ákveði annað.

- Skólastjóri leik- og grunnskóla Hólmavíkur situr fundi fræðslunefndar ásamt fulltrúa starfsmanna í leikskóla og fulltrúa starfsmanna í grunnskóla.
- Foreldrafélag leik- og grunnskóla Hólmavíkur og ungmennaráð eiga kjörna áheyrnarfulltrúa sem sitja nefndarfundi.
- Sveitarstjóri hefur seturétt á fundum nefndarinnar auk þess sem nefndinni er heimilt að kalla til sín aðra stjórnendur sveitarfélagsins eða sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um hverju sinni.
- Ofantaldir aðilar sem og aðrir sem nefndin kallar til samráðs hafa málfrelsi og tillögurétt, þ.e. geta lagt fram tillögur og tekið þátt í umræðum en ekki greitt um þau atkvæði. Aðeins kjörnir fulltrúar í fræðslunefnd hafa atkvæðisrétt.

Hlutverk og verkefni

Fræðslunefnd fer með lögbundin verkefni sem tengjast málaflokkum sem undir hana falla. Um er að ræða verkefni skólanefndar skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, málefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, málefni tónlistarskóla samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Helstu hlutverk og verkefni eru þessi:

- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnu, markmið og úrbætur í málaflokkum sem undir nefndina heyra og vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðgjafar.
- Að hafa eftirlit með stofnunum sem heyra undir nefndina og fylgjast með því að þær vinni að settum markmiðum í samræmi við lög, reglugerðir, kjarasamninga, samþykktir, starfsáætlun fræðslunefndar og stefnu sveitarstjórnar.
- Að veita sveitarstjórn umsögn um ráðningu skólustjóra grunnskóla og leikskóla.
- Að fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar svo og starfsáætlun hvers árs.
- Að fylgjast með og fjalla um málefni er snerta sí- og endurmenntun.
- Eftirfylgni við og afgreiðsla á skóladagatali, námskrá og starfsáætlun.
- Umsjón og eftirlit með framkvæmd skólaaksturs sbr. ákvæði reglugerðar um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009.
- Fræðslunefnd skal, eftir því sem við á, fylgjast með málefnum er varða framhaldsskóla.
- Fræðslunefnd skal fylgjast með og meta reglulega þörf fyrir rekstur frístundaheimilis sbr. ákvæði 33. og 33a. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008.
- Fræðslunefnd skal hafa forystu um að í grunnskóla gefist nemendum kostur á að taka þátt í tólstunda- og félagsstarfi sbr. 33. gr.
- Auk verkefna sem ráðið hefur með höndum samkvæmt lögum og erindisbréfi þessu, getur sveitarstjórn falið því ýmis mál með erindisbréfum eða sérstökum samþykktum.

Starfshættir

Fræðslunefnd setur sér starfsáætlun. Í henni kemur fram hversu oft er fundað á árinu/skólaárinu, hvenær og hver helstu verkefni hvers fundar eru. Starfsáætlun er grunnur að dagskrá hvers fundar og með vísan til mikilvægra gagna sem snerta hlutverk nefndarinnar. Því er mikilvægt að fræðslunefnd starfi samkvæmt settri og samþykktri starfsáætlun.

- Í störfum sínum skal fræðslunefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfssvið hennar heyra.
- Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar eins og hún er hverju sinni.
- Fræðslunefnd skal í upphafi kjörtímabils setja sér aðgerðaráætlun um meginmarkmið í starfsháttum og hvernig hlutverk nefndarinnar verði leyst á faglegan og skilvirkan hátt. Aðgerðaráætlun skal lögð fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.
- Fræðslunefnd kemur saman fyrir luktum dyrum og fundar samkvæmt starfsáætlun sem segir til um fjölda funda ár hvert.
- Formaður sér um að boða nefndina til fundar og sjá um undirbúning fundarins.
- Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Fundarboð skal sent fulltrúum í nefndinni og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Heimilt er að senda fundarboð (dagskrá) rafrænt til nefndarmanna, aðalmanna og varamanna, með tölvupósti ásamt fylgigögnum.
- Formaður fræðslunefndar stýrir fundum nefndarinnar í samræmi við ákvæði samþykktar um stjórn Strandabyggðar.
- Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.
- Nefndin skal halda fundagerðabók á tölvutæku formi. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana, eða senda hana til rafrænnar undirskriftar. Fundurinn getur heimilað formanni og ritara að fullgera fundargerðina og senda síðar, en þó ekki seinna en innan sólarhrings frá fundi.
- Fundargerðum kemur formaður strax að fundi loknum til sveitarstjóra og sér hann um að hún verði lögð fram með dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar. Formaður sendir fundarmönnum afrit af fundargerð nefndarinnar ásamt afgreiðslu sveitarstjórnar.

Eftirfylgni

Formaður fræðslunefndar og aðrir fulltrúar í nefndinni skulu, eftir því sem við á, snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykkt nefndarinnar.

Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í nefndinni gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar eftir atvikum.

- Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögsmæt forföll hamli. Ef um forföll er að ræða skal það tilkynnt á skrifstofu Strandabyggðar eigi síðar en kl. 12:00 boðaðan fundardag.
- Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

- Nefndarfulltrúar skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni, en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.
- Fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Um leið og fulltrúi tekur sæti í nefndinni undirritar hann þagnareið. Þagnarskylda helst óbreytt þótt menn hætti setu í nefndinni eða láti af störfum á hennar vegum.
- Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af, samkvæmt starfsreglum Strandabyggðar þar um.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem um starfssvið hennar gilda hverju sinni. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar eins og hún er hverju sinni og kynna sér ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Gildistaka

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar.

Samþykkt á fundi fræðslunefndar þann 04.09.2024
Samþykkt á 1368 fundi sveitarstjórnar þann 10.09.2024